



Efni: Heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innleiðingu á nýjum samskiptamiðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks Reykjavíkurborgar. Allt frá árinu 2017 hefur starfsfólk Reykjavíkurborgar notað Workplace frá Meta fyrir innri samskipta- og upplýsingamiðlun. Vorið 2024 tilkynnti Meta að þau ætli að hætta með Workplace. Þarfragreining var framkvæmd meðal starfsfólks og niðurstöður gáfu sterklega til kynna að rík þörf er á áframhaldandi notkun á miðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun. Samskiptamiðillinn sem fyrir varð fyrir valinu kallast Viva Engage og er hluti af Microsoft svítunni, M365.

Borgarráð vísaði fyrri heimildabeiðni um innleiðingu á samskiptamiðli, dags. 27. febrúar 2025, til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 29. mars 2025. Verkefnið hefur verið endurskilgreint og umfang verkefnis minnkað. Þar með hefur kostnaðaráætlun lækkað, eða í heildina úr um 47,3 m.k.r. í 22,6 m.kr. Þetta er í samræmi við umsögn samskiptastjóra Reykjavíkurborgar til borgarráðs dags. 12. maí 2025.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins eru tólf mánuðir og er heildarkostnaður skv. kostnaðaráætlun nú 22,6 m.kr. Á framkvæmdatíma fara 10,6 m. kr. í innri kostnað af eignasjóði og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfsþróunarsviðs yfir 3 ára tímabil eða 4 m.kr. á ári. Ekki er um að ræða breytingu á rekstrarkostnaði frá því sem nú er.

Fjármögnun rekstrarkostnaðar hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs, dags. 28. maí 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Hjálagt er greinargerð þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 26. maí 2025, vegna heimildarbeiðni um að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar; kynningarglæra fyrir verkefnið; tilkynning um afgreiðslu í borgarráði, dags. 15. maí 2025; umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 12. maí 2025; afgreiðslubréf stafræns ráðs, dags. 3. júní 2025, um heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar; heimildarbeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 27. febrúar 2025, um að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar.



Greinargerð:

Árið 2017 hóf Reykjavíkurborg innleiðingu á samskiptalausninni Workplace frá Meta fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks eftir samþykkt borgarráðs á tillögu borgarstjóra þar að lútandi. Frá upphafi hefur miðillinn verið mikið notaður. Í maí 2024 tilkynnti Meta að þjónustan yrði lögð niður og gaf notendum aðlögunartíma til að finna nýja lausn. Virkni Workplace lýkur 31. ágúst 2025, en gögn verða aðgengileg til 1. júní 2026.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið í samstarfi við mannauðs- og starfsþróunarsvið framkvæmdi þarfagreiningu fyrir samskiptalausn fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks, í lok árs 2024. Greiningin, sem byggði á bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum, leiddi í ljós að starfsfólk telur slíkan miðil nauðsynlegan. Fjölmarginir hafa vanist notkun hans og margir hópar treysta alfarið á slíkt kerfi.

Við mat á mögulegum lausnum kom í ljós að Viva Engage, ný og betrubætt lausn frá Microsoft, getur að mestu leyst Workplace af hólmi. Viva Engage er hluti af M365 svítunni og þar sem starfsfólk hefur nú þegar aðgang að þessum lausnum í gegnum M365 áskrift, fylgir enginn viðbótarkostnaður. Að auki einfaldar það aðgengi þar sem innskráning í Viva Engage er óþörf ef notandi er skráður inn í M365. Verulegur ábati skapast næstu þrjú árin þegar leyfiskostnaður fyrir samskiptamiðil, sem greitt hefur verið miðlægt, fellur niður eða um 20 m.kr. á ári. Kostnaður við innleiðingu nýs samskipta- og upplýsingamiðils af fjárfestingu felst fyrst og fremst í kostnaði við vöru- og verkefnastýringar.

Þessi lausn veitir tækifæri til að samræma innri miðlun enn frekar, stytta boðleiðir og sameina vinnutól. Fyrir starfsfólk felst helsti ávinningurinn í því að þurfa ekki að skrá sig inn í mörg mismunandi forrit, sem eykur skilvirkni og minnkar flækjustig í daglegri vinnu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Borgarráð vísaði fyrri heimildabeiðni um innleiðingu á samskiptamiðli, dags. 27. febrúar 2025, til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 29. mars 2025.

Verkefnið hefur verið endurskilgreint og umfang verkefnis minnkað og þar með hefur heildarkostnaðaráætlun lækkað í 22,6 m.kr. Þetta er gert í samræmi við umsögn samskiptastjóra Reykjavíkurborgar til borgarráðs dags. 12. maí 2025.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins eru tólf mánuðir og er heildarkostnaður skv. kostnaðaráætlun nú 22,6 m.kr. Á framkvæmdatíma fara 10,6 m. kr. í innri kostnað af eignasjóði og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfsþróunarsviðs yfir 3 ára tímabil eða 4 m.kr. á ári en ekki er um að ræða breytingu á rekstrarkostnaði hjá mannauðs- og starfsþróunarsviði. Verkeiðnanúmer 263326.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þróstur Sigurðsson
skrifstofustjóri Stafræn Reykjavík



Innleiðing á nýjum samskipta- og upplýsingamiðli fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar

Eigandi: Ásta Bjarnadóttir skrifstofustjóri starfspróunar og starfsumhverfis á MOS

Þarfagreining

- Eigindlegar og meginlegar aðferðir voru notaðar við þarfagreiningu á notkun samskipta- og upplýsingamiðil.
- Alls svöruðu 642 könnun og rætt við hátt í 50 manns í stórum og litlum hópum.
- Tölfræði um notkun á Workplace rýnd.

Helstu niðurstöður þarfagreiningar:

- Samskiptamiðill í stað Workplace er mikilvægur fyrir innri samskipti og til upplýsingagjafar.
- Mikilvægt að fækka miðlum (kerfum) og sameina eins og hægt er.
- Umhverfi miðils nauðsynlegt fyrir skemmtiefni sem léttir lundina og bætir mórál á vinnustað, starfsfólk upplifir Reykjavíkurborg sem einn vinnustað.
- Þarf að vera einfalt í notkun og auðveld innskráning.
- Þarf að virka í mismunandi tegundum tækja.
- Virkja þarf stjórnendur í notkun til að starfsfólk noti.

Áskorun

- Virkni Workplace, samskipta- og upplýsingamiðils starfsfólks Reykjavíkur, hættir 1. september 2025.
- Meta lokar alfarið á Workplace 1. júní 2026.
- Núverandi notkun miðilsins töluverð.
- Margir starfstaðir reiða sig alfarið á Workplace.

Markmið

- Auka aðgengi að samskipta- og upplýsingamiðlalausn.
- Að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað.
- Skilgreina, skýra tilgang og hlutverk samskiptamiðils fyrir borgina.
- Byggja brýr milli sviða og/eða eininga.
- Minnka vinnusamskipti á miðlum sem ekki eru í rekstri borgarinnar.

Áætlaður ávinningur (ábatamat)

- Leyfisgjöld lækka um 20 m.kr á ári næstu 3 árin, greitt miðlægt
- Enginn kostnaður vegna útboðs
- Allt starfsfólk með aðgang að M365
- Öll gögn í M365

Tímalína

Júní 2025 – júní 2026

Kostnaður

Heildarkostnaður 22,6 m.

Eignasjóður 10,6 m.kr.

Rekstur (innri kostnaður) 4 m. kr. á ári eða 12 m. kr á þremur árum (sami eða svipaður og nú)

Verkefnastjóri: Helen Símonardóttir. **Stýrihópur ásamt eiganda:** Þröstur Sigurðsson, Eva Bergþóra Guðbrandsdóttir og Birgir Lúðvíksson. **Verkefnateymi:** Gunnar Hersveinn Sigursteinsson USK, Hallgrímur Andri Jóhannsson ÞON, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir VEL, Hólmfríður Steinþórsdóttir MOS, auk annarra í tímabilum t.d. aðkoma þjónustuhönnunar, M365 teymismeðlima o.fl. **Stafrænn leiðtogi:** Birgir Lúðvíksson



Þjónustu- og nýsköpunarsvið - Stafræn Reykjavík
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2025
PON24100020

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 15.5.2025 varðandi eftirfarandi mál:

PON - Heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar - umsögn SBB - til afgreiðslu

Lagt fram að nýju bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 27. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að hefja innleiðingu á nýjum samskiptamiðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks Reykjavíkurborgar, ásamt fylgiskjölum, sbr. 21. lið fundargerðar borgarráðs frá 27. mars 2025. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 12. maí 2025.
Samþykkt að vísa málinu til þjónustu- og nýsköpunarsviðs til frekari vinnslu.

Hulda Hólmkelsdóttir
e.u.



Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 12. maí 2025

PON24100020

UMSÖGN

Á fundi borgarráðs, þann 27. mars 2025, var lagt fram að nýju bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 27. febrúar 2025, þar sem óskað er eftir heimild borgarráðs til að hefja innleiðingu á nýjum samskiptamiðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Málinu var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 28. mars 2025.

Umsögn:

Reykjavíkurborg hefur frá árinu 2017 rekið samskiptalausnina Workplace sem er í eigu Meta fyrir innri samskipti starfsfólks borgarinnar. Á síðasta ári tilkynnti Meta að Workplace miðillinn myndi vera lagður niður og gefinn aðlögunartími til 31. ágúst á þessu ári.

Gögn af Workplace sýna notkun í meðallagi. Yfir 6.000 starfsmenn borgarinnar hafa virkjað aðgang sinn, yfir 4.000 eru virk mánaðarlega, og 2.300 eru virk um það bil annan hvern dag. Gögn um notkun starfsfólks sviða benda til að hún hafi haldist í hendur við notkun og virkni yfirstjórnar viðkomandi sviðs.

Þarfagreining sem unnin var meðal starfsfólks borgarinnar sýnir að starfsfólk almennt telur þörf fyrir innri samskipta- og upplýsingamiðil. Í þarfagreiningunni kom einnig fram mikið ákall um að fækka og einfalda miðlunarleiðir, og margir spurðu af hverju væri ekki hægt að samþætta samskiptamiðil og innri vef. Það eru því miklir möguleikar til að gera betur og má segja að það sé ákveðið tækifæri á þessum tímamótum að byggja upp öflugan samskiptamiðil fyrir allt starfsfólk borgarinnar.

Workplace hefur verið í notkun almennt hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum landsins og hafa þau flest nýtt veturinn í undirbúning fyrir þessi umskipti. Afar mikilvægt er að Reykjavíkurborg vinni mjög hratt til að efla innri miðlun. Þjónustu- og nýsköpunarsvið og mannauðs- og starfsumhverfissvið hafa komist að þeirri niðurstöðu að hagkvæmasta leiðin fyrir Reykjavíkurborg er að taka í notkun lausnina Viva Engage sem þegar er hluti af 365 forritapakkanum sem allt starfsfólk hefur aðgang að. Með því mun Reykjavíkurborg ekki þurfa að greiða sérstaklega fyrir innri samskiptamiðil lengur og sparast verulegir fjármunir við þá breytingu, eða um 20 milljónir króna á ári.

Í lýsingu á verkefninu frá þjónustu- og nýsköpunarsviði er sett fram frumkostnaðaráætlun vegna innleiðingar alls 47,3 milljónir króna. Samhliða þeirri áætlun er áætlaður þriggja ára rekstrarkostnaður sem fellur á mannauðs- og starfsumhverfissvið upp á alls 13,5 milljónir krónur, en þar er um að ræða kostnað við vörustjórnun sem áætlað er að greiðist til þjónustu- og nýsköpunarsviðs.



Reykjavík



Verkbeiðnanr		Frumkostnaðaráætlun	Kostnaðaráætlun
Fasi 1 og 2	Undirbúningur og skilgreining (fjöldi mán)	2	0
	Verkefnastýring þON	2,250,000	0
	Vörustjóri*	1,500,000	0
	Annar kostnaður/ófyfirséð	500,000	0
	SAMTALS	4,250,000	0
Fasi 3	Framkvæmd (fjöldi mán)	10	0
	Verkefnastýring þON	9,000,000	0
	Vörustjóri*	6,000,000	0
	Aðkeypt þjónusta við útboðsgerð	0	0
	Aðkeypt greiningarvinna	0	0
	Aðkeyptar þýðingar v. útboðsgagna	0	0
	Aðkeypt tæknileg ráðgjöf	3,000,000	0
	Kostnaður vegna samþættingar	7,000,000	0
	Innri kostnaður vegna þróunar	3,000,000	0
	Annar kostnaður/ófyfirséð	1,000,000	0
	SAMTALS	29,000,000	0
Fasi 4	Verklök (fjöldi mán)	2	0
	Verkefnastýring þON	1,500,000	0
	Annar kostnaður/ófyfirséð	500,000	0
	SAMTALS	2,000,000	0
	Samtölur úr fösum	Samtals	Samtals
	Verkefnastýring þON	12,750,000	0
	Vörustjóri	7,500,000	0
	Aðkeypt þjónusta	10,000,000	0
	Innri kostnaður vegna þróunar	3,000,000	0
	Annar kostnaður/ófyfirséð	2,000,000	0
	HEILDARKOSTNAÐUR - FJÁRFESTING	35,250,000	0

Ljóst er að það mun krefjast vinnu að búa til umhverfi á nýjum samskiptamiðli sem bæði kemur til móts við þá starfsstaði sem í dag nýta Workplace og til að fjölga virkum notendum þvert á borgarkerfið. Fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs gerir ráð fyrir allt að 10 milljónum króna í aðkeypta tækniþjónustu, tæpar 13 milljónir króna í verkefnastjórn á innleiðingatíma auk annars innri kostnaðar svo sem vegna vörustjóra og innri þróunar. Hluti af þessu tengist breytingum á Fróða, innri vef Reykjavíkurborgar og flutnings á hluta af efni og notkun hans yfir í 365 kerfið.





Eins og heimildabeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs gefur til kynna stendur til að leggja töluverða vinnu og fjármagn í að flytja og samræma efni í Viva Engage og tengja við önnur innri samskipta- og gagnamál hjá borginni. Með þeim hluta verkefnisins var hugsunin að leitast til að koma til móts við ákall um að einfalda boðskipti og fækka miðlum sem fylgjast þarf með. Einnig var áætlað að auka sjálfvirkni, þannig að ekki þyrfti handvirkt að bæta fólki í hóp viðkomandi starfsstaðar.

Það væri til að auka gagnsæi að setja innri vefinn og samtenginu við 365 í annað sérstakt verkefni með sér kostnaðaráætlun en ekki að láta það fléttast inn í innleiðingu á nýjum samskiptamiðli.

Þó að Workplace sé í talsverðri notkun hjá ákveðnum hópum innan borgarkerfisins þá eru heilu sviðin þar sem samskiptamiðillinn hefur ekki náð almennri virkri notkun meðal starfsfólks. Það er til mikils að vinna að bæta úr þessu á nýjum miðli. Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins þar sem öflugur innri miðill gæti eins og áður segir gegnt mikilvægu hlutverki í að efla tengsl, bæta samkennd, koma á framfæri nauðsynlegum skilaboðum og fræðslu og auka samstarf. Innri miðill fær trúverðugleika fyrst og fremst með góðu efni og innihaldi, þó tæknilegir eiginleikar skipti líka máli. Innleiðingaáætlun sú sem kynnt var fyrir borgarráði gerir ráð fyrir talsverðum kostnaði vegna forritunar, tæknilegrar verkefnastjórnunar og þróunar.

Mögulega ætti að breyta áherslum, draga úr tæknilegum kostnaði og vörustjórnun en setja inn áætlun um innihald, efnisgerð og innri kynningar. Með þessu móti mætti auka líkur þess að yfirstjórnir allra sviða sæju sér hag í að nýta miðilinn og þar með kæmi starfsfólk þeirra sviða einnig frekar um borð. Ef miðillinn á að virka sem innri samskiptimiðill verður að vanda til efnisgerðar þannig að fólk sjái ástæðu til að sækja þangað.

Lagt er til að fjárhagsáætlun vegna innleiðingar á Viva Engage innri samskiptamiðlinum verði endurskoðuð með tilliti til þess að taka út kostnað sem er í upprunalegu áætluninni og snýr í raun að öðru verkefni, þróun á innri vef og tengingu hans við 365 lausnir. Þar með verði dregið úr kostnaði vegna aðkeyptrar tæknipjónustu og verkefnastjórn. Þá er lagt til að gerð verði ný áætlun um innra kynningastarf og áframhaldandi ritstjórn og efnisgerð á Viva Engage.

Eva Bergþóra Guðbergsdóttir
samskiptastjóri

Hjálagt: Bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs um heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2025.

Efni: Heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innleiðingu á nýjum samskiptamiðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Allt frá árinu 2017 hefur starfsfólk Reykjavíkurborgar notað Workplace frá Meta fyrir innri samskipta- og upplýsingamiðlun. Vorið 2024 tilkynnti Meta að þeir ætli að hætta með Workplace. Þarfagreining var framkvæmd meðal starfsfólks og niðurstöður gáfu sterklega til kynna að rík þörf er á áframhaldandi notkun á miðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun. Samskiptamiðillinn sem fyrir varð fyrir valinu kallast Viva Engage og er hluti af Microsoft svítunni, M365.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,3 m.kr., þar af tilheyra 35,3 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfspróunarsviðs yfir 3 ára tímabil.

Fjármögnun reksturs hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs, dags. 27. febrúar 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Árið 2017 hóf Reykjavíkurborg innleiðingu á samskiptalausninni Workplace frá Meta fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks eftir samþykkt borgarráðs á tillögu borgarstjóra þar að lútandi. Frá upphafi hefur miðillinn verið mikið notaður. Í maí 2024 tilkynnti Meta að þjónustan yrði lögð niður og gaf notendum aðlögunartíma til að finna nýja lausn. Virkni Workplace lýkur 31. ágúst 2025, en gögn verða aðgengileg til 1. júní 2026.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið í samstarfi við mannauðs- og starfspróunarsvið framkvæmdi þarfagreiningu fyrir samskiptalausn fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks, í lok árs 2024. Greiningin, sem byggði á bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum, leiddi í ljós að starfsfólk telur slíkan miðil nauðsynlegan. Fjöldmargir hafa vanist notkun hans og margir hópar treysta alfarið á slíkt kerfi.

Við mat á mögulegum lausnum kom í ljós að Viva Engage, ný og betrubætt lausn frá Microsoft, getur að mestu leyst Workplace af hólmi. Viva Engage er hluti af M365 svítunni og þar sem starfsfólk hefur nú þegar aðgang að þessum lausnum í gegnum M365 áskrift, fylgir enginn viðbótarkostnaður. Að auki einfaldar það aðgengi þar sem innskráning í Viva Engage er óþörf ef notandi er skráður inn í M365. Verulegur ábati skapast næstu þrjú árin þegar leyfiskostnaður fyrir samskiptamiðil fellur niður eða um 20 m.kr. á ári. Kostnaður við innleiðingu nýs samskipta- og upplýsingamiðils felst fyrst og fremst í kostnaði við vöru- og verkefnastjóra umbreytinga, tækniútfærslur, samþættingar og utanaðkomandi ráðgjafabjónustu.

Þessi lausn veitir tækifæri til að samræma innri miðlun enn frekar, stytta boðleiðir og sameina vinnutól. Fyrir starfsfólk felst helsti ávinningurinn í því að þurfa ekki að skrá sig inn í mörg mismunandi forrit, sem eykur skilvirkni og minnkar flækjustig í daglegri vinnu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,3 m.kr., þar af tilheyra 35,3 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfspróunarsviðs yfir 3 ára tímabil.

Kostnaðarstaður: kostnaðarstaður 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður. Verkefnaklassi 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer 263326.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þróstur Sigurðsson
Skrifstofustjóri Stafræn Reykjavík



Reykjavík, 3. júní 2025
Hlöðunúmer

Borgarráð

Afgreiðslubréf: Heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar

Á fundi stafræns ráðs þann 12. mars 2025 var lögð fram heimildarbeiðni til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar, dags. 27. febrúar 2025, efni ásamt fylgigögnum sbr. 6 lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Vísað til meðferðar borgarráðs.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar



Reykjavík

Efni: Heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innleiðingu á nýjum samskiptamiðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Allt frá árinu 2017 hefur starfsfólk Reykjavíkurborgar notað Workplace frá Meta fyrir innri samskipta- og upplýsingamiðlun. Vorið 2024 tilkynnti Meta að þeir ætli að hætta með Workplace. Þarfagreining var framkvæmd meðal starfsfólks og niðurstöður gáfu sterklega til kynna að rík þörf er á áframhaldandi notkun á miðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun. Samskiptamiðillinn sem fyrir varð fyrir valinu kallast Viva Engage og er hluti af Microsoft svítunni, M365.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,3 m.kr., þar af tilheyra 35,3 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfspróunarsviðs yfir 3 ára tímabil.

Fjármögnun reksturs hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs, dags. 27. febrúar 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Árið 2017 hóf Reykjavíkurborg innleiðingu á samskiptalausninni Workplace frá Meta fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks eftir samþykkt borgarráðs á tillögu borgarstjóra þar að lútandi. Frá upphafi hefur miðillinn verið mikið notaður. Í maí 2024 tilkynnti Meta að þjónustan yrði lögð niður og gaf notendum aðlögunartíma til að finna nýja lausn. Virkni Workplace lýkur 31. ágúst 2025, en gögn verða aðgengileg til 1. júní 2026.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið í samstarfi við mannauðs- og starfspróunarsvið framkvæmdi þarfagreiningu fyrir samskiptalausn fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks, í lok árs 2024. Greiningin, sem byggði á bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum, leiddi í ljós að starfsfólk telur slíkan miðil nauðsynlegan. Fjöldmargir hafa vanist notkun hans og margir hópar treysta alfarið á slíkt kerfi.

Við mat á mögulegum lausnum kom í ljós að Viva Engage, ný og betrubætt lausn frá Microsoft, getur að mestu leyst Workplace af hólmi. Viva Engage er hluti af M365 svítunni og þar sem starfsfólk hefur nú þegar aðgang að þessum lausnum í gegnum M365 áskrift, fylgir enginn viðbótarkostnaður. Að auki einfaldar það aðgengi þar sem innskráning í Viva Engage er óþörf ef notandi er skráður inn í M365. Verulegur ábati skapast næstu þrjú árin þegar leyfiskostnaður fyrir samskiptamiðil fellur niður eða um 20 m.kr. á ári. Kostnaður við innleiðingu nýs samskipta- og upplýsingamiðils felst fyrst og fremst í kostnaði við vöru- og verkefnastjóra umbreytinga, tækniútfærslur, samþættingar og utanaðkomandi ráðgjafabjónustu.

Þessi lausn veitir tækifæri til að samræma innri miðlun enn frekar, stytta boðleiðir og sameina vinnutól. Fyrir starfsfólk felst helsti ávinningurinn í því að þurfa ekki að skrá sig inn í mörg mismunandi forrit, sem eykur skilvirkni og minnkar flækjustig í daglegri vinnu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,3 m.kr., þar af tilheyra 35,3 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfspróunarsviðs yfir 3 ára tímabil.

Kostnaðarstaður: kostnaðarstaður 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður. Verkefnaklassi 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer 263326.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Þröstur Sigurðsson
Skrifstofustjóri Stafræn Reykjavík